

HEIÐARBORG

SAMFÉLAGSMIÐSTÖÐ

Forsaga – Íþróttamiðstöðin Heiðarborg

Bygging nýs íþróttahúss er framkvæmd sem lengi hefur verið beðið eftir og unnið að. Ný aðstaða mun ekki aðeins bæta aðstöðu íþróttakennslu heldur einnig skapa fjölmörg ný tækifæri fyrir fjölbreytt íþrótt-, frístunda- og samfélagsstarf sem mun nýtast íbúum sveitarfélagsins. Í kjölfar uppbyggingar nýs hluta Heiðarborgar er jafnframt stefnt að endurskipulagningu eldri hluta byggingarinnar.

Markmiðið er að Heiðarborg verði lifandi samfélagsmiðstöð sem hýsir skóla-, íþrótt-, frístunda-, félags- og samkomustarf fyrir alla aldurshópa. Með því er leitast við að efla íþrótt- og frístundastarf í sveitarfélaginu og stuðla að bættri lýðheilsu íbúa Hvalfjarðarsveitar, m.a. með aukinni heilsueflingu og styrkingu forvarna. Til framtíðar mun Heiðarborg hýsa fjölbreytta og kraftmikla starfsemi sem nýtist bæði íbúum og gestum sveitarfélagsins. Lögð verður áhersla á að skapa aðstöðu sem hvetur fólk til að taka virkan þátt í starfseminni, þannig að hún verði lifandi og blómlegur samkomustaður frá fyrsta degi.

Framtíð Heiðarborgar sem samfélagsmiðstöð

- Í september 2025 samþykkti sveitarstjórn að semja við Guðmundu Ólafsdóttur um verkefnastjórn við mótun heildarsýnar fyrir Heiðarborg sem samfélagsmiðstöð.
- Hluti af þeirri vinnu fól í sér að tryggja að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar fengju tækifæri til að koma sínum hugmyndum og áherslum á framfæri.
- Markmiðið var að skapa skýra stefnu um þróun svæðisins til framtíðar og tryggja að hún sé byggð á raunverulegum áherslum þeirra sem hér búa og starfa.



Ljósm. mm. Skessuhorn



Ljósm. mm. Skessuhorn

Gagnaöflun

Við samráð var gögnum aflað með íbúakönnun, fundum með hagsmunadílum, nefndum, ráðum og sveitarstjórn. Ráðgjafi (Guðmunda Ólafsdóttir) sá um gagnaöflun í samstarfi við sveitarfélagið.

Skólasamfélagið

- Kynning fyrir nemendur fór fram í Heiðarskóla og í kjölfarið fór fram samtal á hverju stigi. Ráðgjafi fékk sendar þær hugmyndir.
- Niðurstöður úr Barnaþingi voru hafðar til hliðsjónar.

Stjórnsýsla

- Ráðgjafi fundaði með sveitarstjórn, velferðar- og fræðslunefnd og öldungaráði.

Íbúakönnun

- Inn á íbúagátt sveitarfélagsins var hægt að svara könnun þar sem óskað var eftir áliti íbúa.
- Íbúakönnun var auglýst með frétt á heimasíðu sveitarfélagsins og á samfélagsmiðlum.

Samtök og félög í sveitarfélaginu

- Ráðgjafi sendi tölvupóst á samtök og félög í sveitarfélaginu.
- Frétt birtist á heimasíðu sveitarfélagsins og á samfélagsmiðlum þar sem óskað var eftir svörum frá samtökum og félögum í sveitarfélaginu.

Niðurstöður samráðs

Skýr rauður þráður er í niðurstöðum samráðsins, að Heiðarborg verði **hjarta samfélagsins í Hvalfjarðarsveit, samkomustaður fyrir unga sem aldna.**

Rauði þráðurinn er:

Aðstaða fyrir börn og ungmenni

Betri íþróttar- og félagsaðstaða, samverurými, auknir hreyfimöguleikar; „grúsk“-stofa/FAB-lab, og hljóðeinangrað rými til upptöku (tónlist/hljóð/podcast).

Félagsaðstaða fyrir eldri borgara

Sérsvæði með læsanlegri geymslu; föndur, „Hrútahorn“ (spjallsvæði sérstaklega hugsað fyrir eldri karlmenn), aðstaða fyrir keramik/gler, námskeið/fræðslu, félagsvist og sterk tenging við skólann og ungmenni.

Samfélag/útleiga/viðburðir:

Lítill salur til útleigu, stór salur fyrir hátíðir og stærri viðburði, hlýlegt biðrými með bókahillu/bóketurn, vatnsbrunnum/sjálfsölum og leikjum t.d. pool/pílu.

Annað sem kom fram í samráði:

Ekki vera með aðstöðu sem þegar er í grunnskólanum (smíðastofa/textíl o.fl.), samnýta aðstöðuna á skipulögðum tímum. Rýmri opnunartími í samfélagsmiðstöðinni en er í dag í Heiðarborg. Hófleg gjaldtaka. Leitast verði við að umsjónarmaður samfélagsmiðstöðvar hafi viðeigandi menntun.

Frístundastefna Hvalfjarðarsveitar

Niðurstöður samráðsins eru að miklu leyti í samræmi við frístundastefnu sveitarfélagsins. Þar ber helst að nefna að aðstaða til frístundaiðkunar, svo sem íþróttamannvirki, verði nýtt eins og kostur er í þágu íbúa, frístundastarfs og annarrar sambærilegrar starfsemi.

Frístundastefna Hvalfjarðarsveitar leggur áherslu á að frístundastarf í Hvalfjarðarsveit einkennist af öryggi, fagmennsku og virðingu þar sem jákvæð samskipti og lýðræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Framtíðarsýn frístundastefnunnar er eftirfarandi:

„Í Hvalfjarðarsveit blómstri öflugt, samfellt frístundastarf með áherslu á farsæld og velferð allra aldurshópa. Íbúar og þátt takendur geti komið með tillögur að bættu starfi og taki þátt í framþróun starfsins á hverjum tíma. Leitast verði við að koma til móts við fjölbreyttan hóp íbúa og að flestir finni afþreyingu við sitt hæfi innan eða utan sveitarfélagsins.“

Tillögur ráðgjafa

Ráðgjafi kom með tillögur að nýtingu á rými og aðstöðu Heiðarborgar í samræmi við niðurstöður samráðs og þeim gögnum sem aflað var í ferlinu. Lagt er til að byggt verði upp lifandi hús þar sem rými breyta um hlutverk eftir tíma dags en með nokkrum varanlegum kjörnum:

Samfélagskjarni

- Móttaka, upplýsingamiðlun, bið- og samverurými
- Lítil bókahilla/ bókaturn, kaffiaðstaða/sjálfsali/ vatnsbrunnar, létt félagsafþreying (t.d. pool/píla/borðtennis).

Ávinningur. Skapar samverustað og tengir saman ólíka aldurshópa.

Hreyfi- og heilsukjarni

- Íþróttasalur og þreksalur.
- Endurnýja tæki í þreksal sem henta til fjarþjálfunar.
- Bjóða upp á skipulagða tíma með þjálfara m.a. fyrir eldri borgara og ungmenni.

Ávinningur. Eflir heilsu og vellíðan íbúa og spornar gegn brottfalli úr hreyfingu.

Ungmennakjarni

- Aðstaða fyrir félagsmiðstöð/ elsta stig og miðstig.
- Frístund 1. til 4. bekk.
- Samverurými sem spornar við brottfalli úr skipulögðu frístundastarfi.

Ávinningur. Styður við frístundastefnu, forvarnir og virka þátttöku í öruggu rými.

Eldri borgarakjarni

- Svæði með læstum hirslum og „heima“ tilfinningu.
- „Hrútahorn“ spjallhorn með áherslu á afþreyingu fyrir karlmenn 60+.
- Félagsvist, fræðsla/námskeið – hægt að halda námskeið í stærra rými í samstarfi við grunnskóla.
- Nýta rými í grunnskóla fyrir föndur, keramik og gler ásamt trévinnu.

Ávinningur. Mætir þörfum fjölmenns 60+ hóps. Stuðlar að aukinni velferð og virkni. Er forvörn og dregur úr félagslegri einangrun.

Sköpunarkjarni (FAB-lab létt útgáfa)


- „Grúsk“-stofa þar sem börn og ungmenni, og fullorðnir á námskeiðum, geta unnið að fjölbreyttum skapandi verkefnum.
- Hljóðeinangrað sköpunarrými þar sem hægt er að taka upp hlaðvörp, tónlistarupptökur o.fl.

Ávinningur. Eflir frístundastarf og stuðlar að aukinni samveru og samfélagstengslum innan sveitarfélagsins.

Næstu skref

- Skipulag á nýjum þreksal. Stefnt er að því að kynna uppbyggingu á honum í mars – apríl 2026.
- Í kjölfarið og að hluta til samhliða fer fram skipulag á eldra rými Heiðarborgar í samstarfi við arkitekta. Þá verður ákveðið hvernig rýmið verður uppbyggt, niðurstöður samráðs og tillögur ráðgjafa hafðar að leiðarljósi.
- Stefnt er á að skipulag eldri hluta Heiðarborgar verði kynnt í maí 2026.
- Samhliða ofangreindu er unnið að skipulagi á rekstri samfélagsmiðstöðvarinnar þ.m.t. opnunartíma, mönnun o.fl.
- Áætluð verklok á nýju íþróttahúsi er í ágúst 2026. Það felur í sér opnun á íþróttasal, móttöku, stoðrymum, búningsklefum og nýjum þreksal. Ný pottaaðstaða opnar nokkrum vikum síðar. Sjá nánar á síðustu glærunni.
- Sjá tímalínu á næstu glæru.

Tímalína



Heiðarborg – opnun nýs íþróttahús

- Áætluð verklok á nýju íþróttahúsi er í ágúst 2026.
- Opnun á íþróttasal, móttöku, stoðrymum, búningsklefum og nýjum þreksal. Ný pottaaðstaða opnar nokkrum vikum síðar.
- Í kjölfarið er farið í framkvæmdir á eldra svæði Heiðarborgar (hvíta hluta myndarinnar, að undanskyldu sundlaugarsvæði.)

